

Kjarasamningur milli

Rafiðnaðarsambands Íslands
vegna aðildarfélaga annars vegar
og
Samtaka atvinnulífsins vegna
Hitaveitu Suðurnesja hf hins
vegar

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 30. nóvember 2008 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launahækkanir á samningstímanum:

1. febrúar 2005 um	Skv. launatöflu
1. janúar 2006 um	3,5%
1. janúar 2007 um	2,5%
1. janúar 2008 um	2,25%

Þann 1. febrúar 2005 hækka allir starfsmenn um þrjú launaflokka. Þann 1. janúar 2008 hækka allir starfsmenn um einn launaflokk.

Frá og með 1. febrúar 2005 fellur gr. 3.10. um 4% kaupauka niður en starfsmenn hækka frá sama tíma um þrjú launaflokka.

3. gr.

Hækkun iðgjalds til lífeyrissjóðs

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag HS í samtryggingarlífeyrissjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald HS til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

Leggi starfsmaður a.m.k. 2% viðbótarframlag í séreignarsjóð skal mótframlag HS vera 2%.

4. gr.

Uppsagnarfrestur

Hjá starfsmönnum 60 ára og eldri með a.m.k. 20 ára stafsaldur hjá HS skal uppsagnarfrestur af hálfu fyrirtækisins vera 6 mánuðir.

5. gr.

Gr. 5.03. Veikindi í orlofi.

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september eftir því sem kostur er, nema sérstaklega standi á.

6. gr.

Tilfærsla fimmtudagsfrídaga

Heimilt er að semja svo um á vinnustað að samningsbundið frí vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta, sem báðir eru ávallt á fimmtudögum, sé flutt á annan virkan dag, t.d. föstudag eða mánudag, eða tengt annarri frítöku starfsmanna. Eru þá greidd sömu laun þessa daga og aðra virka daga og starfsmenn halda dagvinnulaunum sínum þegar frí er tekið á hinum nýju frídögum. Ef starfsmenn eru sérstaklega beðnir um að vinna á nýju frídögunum er greitt yfirvinnukaup auk dagvinnulauna, nema vaktaákvæði kjarasamninga kveði á um annað. Hafi frídagur ekki verið tekinn við starfslok skal við uppgjör launa greiða hann með 8 dagvinnustundum, m. v. fullt starf.

7. gr.

Fjarvistir vegna fæðingarorlofs eða þegar kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf að öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Fæðingarorlof telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna. Að öðru leyti fer eftir lögum nr. 95/2000.

Eftir eins árs starf teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar.

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

8.
gr.

Allur frítökuréttur skal tilgreindur á launaseðli



Bókun um slysatryggingar

Verði gerðar breytingar á ákvæðum almennra kjarasamninga um slysatryggingar geta aðilar óskað eftir endurskoðun slysatryggingarákvæða kjarasamnings þessa.



Gr.9.3 Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir eftirfarandi forsendum:

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþéttmarkmið Seðlabanka Íslands.
2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkanir sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem sett verður á fót til að stuðla að framgangi markmiða samningsins og festa forsendur hans í sessi.


Forsendunefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af ASÍ og tveimur af SA og skal hún taka þegar til starfa. Verkefni hennar er að meta hvort ofangreindar forsendur standist og markmið náist. Nefndin skal jafnframt leita eftir samstarfi við stjórnvöld um það að fylgjast með þróun sem ógnað geti forsendum samningsins og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð þar sem við á.

Nefndin skal taka samningsforsendurnar til sérstakrar skoðunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávík hafi orðið frá annarri eða báðum ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst. Ef samkomulag næst í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldi gildi sínu, að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar. Ef ekki næst samkomulag um viðbrögð er samningurinn uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila. Uppsögn skal ákveða fyrir 10. desember og telst samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.

Nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Hafnarfirði, 26. maí 2005

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands
v. atvildarfélagi



Ómar Baerleuon

F.h. Samtaka atvinnulífsins
v. Hitaveitu Suðurnesja hf.



Petra Lind Einarsd.

Hitaveita Suðurnesja hf.

Launatafla frá 1. febrúar 2005

	1. ÞREP	2. ÞREP	3. ÞREP	4. ÞREP	5. ÞREP	6. ÞREP	7. ÞREP
	Byrjunari.	E. 6 mán.	E.1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár
101	89.100	91.791	94.563	95.981	97.421	98.882	100.365
102	90.437	93.168	95.982	97.422	98.883	100.366	101.871
103	91.794	94.566	97.422	98.883	100.366	101.871	103.399
104	93.171	95.985	98.884	100.367	101.873	103.401	104.952
105	94.569	97.425	100.367	101.873	103.401	104.952	106.526
106	95.988	98.887	101.873	103.401	104.952	106.526	108.124
107	97.428	100.370	103.401	104.952	106.526	108.124	109.746
108	98.889	101.875	104.952	106.526	108.124	109.746	111.392
109	100.372	103.403	106.526	108.124	109.746	111.392	113.063
110	101.878	104.955	108.125	109.747	111.393	113.064	114.760
111	103.406	106.529	109.746	111.392	113.063	114.759	116.480
112	104.957	108.127	111.392	113.063	114.759	116.480	118.227
113	106.531	109.748	113.062	114.758	116.479	118.226	119.999
114	108.129	111.394	114.758	116.479	118.226	119.999	121.799
115	109.751	113.065	116.480	118.227	120.000	121.800	123.627
116	111.397	114.761	118.227	120.000	121.800	123.627	125.481
117	113.068	116.483	120.001	121.801	123.628	125.482	127.364
118	114.764	118.230	121.801	123.628	125.482	127.364	129.274
119	116.485	120.003	123.627	125.481	127.363	129.273	131.212
120	118.232	121.803	125.481	127.363	129.273	131.212	133.180
121	120.005	123.629	127.363	129.273	131.212	133.180	135.178
122	121.805	125.484	129.274	131.213	133.181	135.179	137.207
123	123.632	127.366	131.212	133.180	135.178	137.206	139.264
124	125.486	129.276	133.180	135.178	137.206	139.264	141.353
125	127.368	131.215	135.178	137.206	139.264	141.353	143.473
126	129.279	133.183	137.205	139.263	141.352	143.472	145.624
127	131.218	135.181	139.263	141.352	143.472	145.624	147.808
128	133.186	137.208	141.352	143.472	145.624	147.808	150.025
129	135.184	139.267	143.473	145.625	147.809	150.026	152.276
130	137.212	141.356	145.625	147.809	150.026	152.276	154.560
131	139.270	143.476	147.809	150.026	152.276	154.560	156.878
132	141.359	145.628	150.026	152.276	154.560	156.878	159.231
133	143.479	147.812	152.276	154.560	156.878	159.231	161.619
134	145.631	150.029	154.560	156.878	159.231	161.619	164.043
135	147.815	152.279	156.878	159.231	161.619	164.043	166.504
136	150.032	154.563	159.231	161.619	164.043	166.504	169.002
137	152.282	156.881	161.619	164.043	166.504	169.002	171.537
138	154.566	159.234	164.043	166.504	169.002	171.537	174.110
139	156.884	161.622	166.503	169.001	171.536	174.109	176.721
140	159.237	164.046	169.000	171.535	174.108	176.720	179.371
141	161.626	166.507	171.536	174.109	176.721	179.372	182.063
142	164.050	169.004	174.108	176.720	179.371	182.062	184.793
143	166.511	171.540	176.721	179.372	182.063	184.794	187.566
144	169.009	174.113	179.371	182.062	184.793	187.565	190.378
145	171.544	176.725	182.062	184.793	187.565	190.378	193.234
146	174.117	179.375	184.792	187.564	190.377	193.233	196.131 ~
147	176.729	182.066	187.564	190.377	193.233	196.131	199.073 ~\
148	179.380	184.797	190.378	193.234	196.133	199.075	202.061

/

/.

149	182.071	187.570	193.235	196.134	199.076	202.062	205.093
150	184.802	190.383	196.133	199.075	202.061	205.092	208.168
151	187.574	193.239	199.075	202.061	205.092	208.168	211.291
152	190.388	196.138	202.061	205.092	208.168	211.291	214.460
153	193.244	199.080	205.092	208.168	211.291	214.460	217.677
154	196.143	202.067	208.169	211.292	214.461	217.678	220.943
155	199.085	205.097	211.291	214.460	217.677	220.942	224.256
156	202.071	208.174	214.461	217.678	220.943	224.257	227.621
157	205.102	211.296	217.677	220.942	224.256	227.620	231.034
158	208.179	214.466	220.943	224.257	227.621	231.035	234.501
159	211.302	217.683	224.257	227.621	231.035	234.501	238.019
160	214.472	220.949	227.622	231.036	234.502	238.020	241.590
161	217.689	224.263	231.036	234.502	238.020	241.590	245.214
162	220.954	227.627	234.501	238.019	241.589	245.213	248.891
163	224.268	231.041	238.018	241.588	245.212	248.890	252.623
164	227.632	234.506	241.588	245.212	248.890	252.623	256.412
165	231.046	238.024	245.212	248.890	252.623	256.412	260.258
166	234.512	241.594	248.890	252.623	256.412	260.258	264.162
167	238.030	245.219	252.625	256.414	260.260	264.164	268.126
168	241.600	248.896	256.413	260.259	264.163	268.125	272.147
169	245.224	252.630	260.259	264.163	268.125	272.147	276.229
170	248.902	256.419	264.163	268.125	272.147	276.229	280.372
171	252.636	260.266	268.126	272.148	276.230	280.373	284.579
172	256.426	264.170	272.148	276.230	280.373	284.579	288.848
173	260.272	268.132	276.230	280.373	284.579	288.848	293.181 ~
174	264.176	272.154	280.373	284.579	288.848	293.181	297.579
175	268.139	276.237	284.579	288.848	293.181	297.579	302.043 \
176	272.161	280.380	288.847	293.180	297.578	302.042	306.573
177	276.243	284.586	293.180	297.578	302.042	306.573	311.172

Li

SAMKOMULAG MILLI

RAFIDNADARSAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA AÐILDARFÉLAGA ANNARS VEGAR

OG

SELFOSSEITNA

HINS VEGAR

Samkomulag þetta fjallar um yfirfærslu á samningsniðurstöðu sem náðist á milli RSÍ, vegna aðildarfélaga annars vegar og Samtaka atvinnulífsins, vegna Rafmagnsveitna ríkisins hins vegar. Samningstextinn sem hér liggur fyrir er texti samnings sem ofangreindir aðilar komu sér saman um, aðlagður að aðstæðum hjá Selfossveitum.

**Gildir frá 1. janúar 2001
til 31. desember 2004**

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI	FORGANGSRÉTTUR TIL VINNU.	Bls.
1.1	Forgangsréttur	5
1.2	Starfssvið málmiðnaðarmanna	5
1.3	Starfssvið aðstoðarmálsmiðs	5
1.4	Starfssvið rafvirkja-,rafei.virkja. og rafiðnfr.	5
1.5	Starfssvið rafveituvirkja	5
1.6	Starfssvið línumanna	5
1.7.	Starfssvið byggingariðnaðarmanna	6
2. KAFLI	VINNUTÍMI OG VINNUHLÉ.	
2.1	Virkur vinnutími	6
2.2	Kaffi og matarhlé í dagvinnu	6
2.3	Kaffi og matarhlé í yfirvinnu	6
2.4	Kaffi og matarhlé á helgidögum	6
2.5	Stefna varðandi yfirvinnu	7
2.6	Samningsbundnir frídagar	7
2.7	Útkall	7
2.8	Hvíldartími	7
2.9	Kallvaktir	8
2.10	Áunnir frídagar v/yfirvinnu	9
2.11	Vinna aðfaramætur frídaga	9
3. KAFLI	LAUN.	
3.1	Föst mánaðarlaun og hlutfallslaun	8
3.2	Ýmsar launagreiðslur	8
3.3	Launaflokkar	9

3.4	Skilgreiningar á launaflokkum	9
3.5.1	Stjórnunarálög	10
3.5.2	Laun nema í iðngreinum	10
3.6	Greiðsla verðbóta	11
3.7	Starfsaldurshækkunir launa	11
3.8	Laun fyrir hlutavinnu	11
3.9	Laun v. tilfærslu í starfi	11
3.10	Yfirvinnulaun og deilitala	11
3.11	Frádráttur launa	12
3.12	Launauppbót í desember	12
3.13	Fastur kaupauki	12

4. KAFLI RÁÐNING OG UPPSAGNARFRESTUR.

4.1	Ráðningarsamningur	12
4.2	Uppsagnarfrestur	12
4.3	Vanræksla	13

5. KAFLI ORLOF.

5.1	Sumar og vetrarorlof	13
5.2	Orlofsframlag	13
5.3	Orlofshlutfall	13
5.4	Orlof utan orlofstímabils	13
5.5	Orlofssjóður	13
5.6	Veikindi í orlofi	13
5.7	Frí án launa	14

6. KAFLI VEIKINDA SLYSA OG BARNSBURÐARLAUN.

6.1	Laun í veikindum	14
-----	------------------	----

6.1.2	Laun vegna slysa og atvinnusjúkdóma	14
6.1.3	Læknisvottorð	14
6.2.1	Laun vegna slysa á vinnustað	14
6.2.2	Um atvinnusjúkdóma	15
6.2.3	Dagpeningar Tryggingastofnunar	15
6.2.4	Laun vegna slysa umfram gr. 6.4	15
6.3.	Greiðsla fyrir læknishjálp	15
6.4	Um læknisvottor og tilkynningu veikinda	15
6.4.1	Læknisvottorð	15
6.5	Greiðslur v/barnsburðar og veikinda barna	15
6.10	Greiðsla vegna læknismeðferðar	15
6.11	Veikindi barna	16
6.12	Læknisskoðun	16
6.13	Slysatrygging starfsmanna	17
6.14	Dánarslysabætur	17
6.15	Varanleg örorka	17
6.16	Greiðsla í sjúkrasjóði	17

7. KAFLI **IÐGJALDAGREIÐSLUR.**

7.1	Innheimta félagsgjalds	18
7.2	Iðgjöld til lífeyrissjóðs	18
7.3	Iðgjöld í eftirmenntunarsjóð	18

8. KAFLI **ALMENN ÁKVÆÐI.**

8.1	Öryggisbúnaður	18
8.2	Kynning öryggismála	18
8.3	Vinnufatnaður og verkfæri	18
8.4	Forföll frá vinnu	19
8.5	Útborgun launa	19

8.6	Fæði	19
8.7	Notkun eigin bifreiðar	20
8.8	Hreinlætisaðbúnaður og sjúkragögn	20
8.9	Trúnaðarmenn	20
8.10	Breytingar á rekstri	20
8.11	Kynning samningsákvæða	20
8.12	Vinnustöðvanir	20
8.12.1	Framkvæmd vinnustöðvunar	20
8.12.2	Samúðarvinnustöðvanir	21

9. KAFLI

GILDISTÍMI OG LOKAÁKVÆÐI.

9.1	Gildistími	21
-----	------------	----

1. KAFLI: FORGANGSRÉTTUR TIL VINNU.

- 1.1. Selfossveitur skuldbinda sig til að veita félagsmönnum í Samiðn og Rafiðnaðarsambandi Íslands vegna aðildarféлага forgangsrétt til þeirra starfa sem um getur í grein 1.2. og 1.6. í samræmi við skilgreiningar á starfssviði.

1.2 Starfssvið málmíðnaðarmanna.

Til starfssviðs málmíðnaðarmanna teljast öll eftirlits,viðhalds og viðgerðarverkefni við véla, tækja og stýribúnað Selfossveitna svo og nýsmíði og önnur verkefni sem gera kröfu til iðnréttinda í viðkomandi málmíðnaðargreinum svo og öðrum störfum í málmíðnaði.

1.3 Starfssvið aðstoðarmálmsmiðs.

Aðstoðarmálmsmiður telst sá sem lokið hefur einu eða fleiri námskeiðum sem viðurkennd eru af fagnefndum Fræðsluráðs málmíðnaðarins.

Verksvið aðstoðarmálmsmiðs miðast við þau störf sem námskeiðin gera honum kleift að inna af hendi.

1.4 Starfssvið raf- og rafeindavirkja og rafiðnfræðinga.

Störf rafvirkja, rafiðnfræðinga og rafeindavirkja teljast vera vinna sem viðkemur rafbúnaði í nýbyggingum, eftirliti og rekstri og viðhaldi á framleiðslu-, flutnings og dreifikerfum raforku. Ennfremur ýmis önnur störf svo sem störf verkumsjónarmanna o.fl.

1.5. Starfssvið rafveituvirkja

Störf rafveituvirkja teljast vera vinna við línubýggingar, vinna sem viðkemur rafbúnaði í nýbýggingum, eftirliti, rekstri og viðhaldi á framleiðslu-, flutnings- og dreifikerfum raforku. Ennfremur ýmis önnur störf svo sem störf verkumsjónarmanna o.fl.

1.6 Starfssvið línumanna

Línumenn eru rafiðnaðarmönnum til aðstoðar við störf þeirra. Línumenn vinna að jafnaði undir verkstjórn rafiðnaðarmanna.

1.7 Starfssvið byggingariðnaðarmanna.

Til starfssviðs byggingariðnaðarmanna teljast öll eftirlits, viðhalds og viðgerðarverkefni Selfossveitna svo og nýsmíði og önnur verkefni sem gera kröfu til iðnréttinda í viðkomandi byggingariðnaðargreinum svo og öðrum störfum í byggingariðnaði.

2. KAFLI: UM VINNUTÍMA VINNUHLÉ O.FL.

2.1 Föst laun hvers starfsmanns samkvæmt samningi þessum svara til þess, að hann gegni starfi 40 stundir á viku. Virkur vinnutími dagvinnumanns er skemmri sem svarar kaffihléum samkvæmt samningum.

Heimilt er með samkomulagi beggja aðila að stytta vinnutíma með því að fella niður eða stytta neyslhlé.

2.2 Virkur dagvinnutími skal vera 37,08 stundir áviku.

Dagvinnumenn gegna störfum 8 stundir á dag, frá kl. 07:00 - 17:00 mánudaga til föstudaga. Þó skal dagvinna ávallt unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum með samkomulagi aðila.

- 2.3 Miðað við dagvinnutíma kl. 07:00 - 17:00 skulu dagvinnumenn hafa kaffihlé kl. 09:30 -09:45; matarhlé kl.12:00 -13:00 og kaffihlé kl. 15:00 -15:20.

Matarhlé telst ekki hluti vinnutíma. Heimilt er með samkomulagi Selfossveitna og starfsmanna að færa þessi hlé til.

- 2.4 Ef unnin er yfirvinna skulu fyrstu 20 mínúturnar í yfirvinnu teljast kaffitími. Í yfirvinnu skulu matarhlé vera kl.19:00 - 20:00 og kl. 02:00 -03:00.

Kaffihlé skulu vera kl. 22:30 - 22:50 og síðustu 20 mínúturnar áður en dagvinna hefst.

- 2.5 Sé unnið á helgidögum skulu matar og kaffihlé vera þau sömu og á virkum dögum.

Kaffi og matarhlé eða hlutar úr þeim, sem falla inn í vinnutímabil í yfirvinnu, reiknast sem vinnutímar.

Sé unnið fram að matar- og kaffitímum í yfirvinnu, skal greiða þá til viðbótar skráðum vinnutíma. Undanskilinn er kaffitíminn í byrjun yfirvinnu og matartíminn kl. 19:00 - 20:00 mánudaga til föstudaga.

- 2.6 Samningar þessir miðast við þá sameiginlegu stefnu samningsaðila að takmarka yfirvinnu eins og kostur er.

Öll vinna umfram reglulegan dagvinnutíma telst yfirvinna.

- 2.7 Samningsbundnir frídagar án skerðingar á launum eru helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní, fyrsti mánudagur í ágúst, aðfangadagur jóla og gamlársdagur eftir kl. 12:00, beri þá upp á virka daga.

Stórhátíðarvinna telst vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag, aðfangadag og gamlársdag eftir kl. 12:00.

2.8 Sé starfsmaður kallaður til vinnu frá heimili sínu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið, greiðist honum ávallt ein klst., auk þess tíma sem unninn er, þó aldrei skemur en þrjár klst., nema dagvinna hefjist innan þriggja klst. frá því hann kom til vinnu. Ákvæði þetta á ekki við um vinnu sem unnin er í beinu framhaldi af venjulegum vinnudegi.

Fyrir útkall á tímabilinu 00:00 – 06:00 og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 06:00 á mánudagsmorgni greiðist ekki minna en 4 klst., nema dagvinna hefjist innan þriggja klst. frá því hann kom til vinnu.

Sé starfsmaður kallaður til fyrirfram skipulagðrar vinnu utan hefðbundins vinnutíma innan þriggja klst. frá því að hann lauk vinnu greiðist svo sem um samfelldan tíma hafi verið að ræða, annars skal greiða eina klst. auk unnins tíma.

Sé starfsmanni sem ekki er á bakvakt gert að sinna þjónustu í frítíma sínum skal samið um þóknun vegna þess ónæðis sem af því hlýst.

Sé fyrirfram ákveðin vinna um helgi afboðuð eftir kl. 20.00 á föstudag greiðast 2 klst.

2.9 Lágmarkshvöld, frítökuréttur og frídagar

2.9.1 Almennt

Vinnutíma skal haga þannig á hverjum sólarhring., frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00. Jafnframt vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember síðastl. um skipulag vinnutímans.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutíminn fari umfram 13 klst.

2.9.2 Frávik og frítökuréttur.

Lengja má vinnulotu í allt að 16 klst. Verði því við komið skal starfsmaður fá 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra launa.

Fái starfsmaður ekki 11 klst. hvíld á sólarhring m.v. venjubundið upphaf vinnudags (vinnusólarhringinn) skal veita uppbótarhvíld sem hér segir: Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð ber honum uppbótarhvíld sem nemur 1½ klst. (dagvinna) fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum.

Vinni starfsmaður það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags reiknast frítökuréttur skv. 2. mgr. Komi starfsmaður til vinnu á hvíldardegi er greitt fyrir unninn tíma auk þess sem frítökuréttur reiknast skv. 2. mgr.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.

Áunninn frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur einum vinnudegi á föstum launum.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

2.9.3 Hvíld undir 8 klst.

Komi upp sérstakar aðstæður vegna nauðsynlegs viðhalds eða verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra ófyrirséðra atburða og koma verður í veg fyrir verulegt tjón, er heimilt að stytta hvíld niður fyrir 8 klst.

Fái starfsmaður ekki 8 klst. hvíld á vinnusólarhringnum skal hann, auk frítökuréttar skv. gr. 2.4.2., fá greidda 1 klst. í yfirvinnu fyrir hverja klst. sem hvíldin fer niður fyrir 8 klst.

Ef vinnu aðfaranótt frídags lýkur eftir kl. 08.00 skal starfsmaður skrifa 1 klst aukalega. Ef vinnu lýkur fyrir kl. 08.00 skal hann skrifa aukalega 11 klst. að frá dregnum þeim tíma sem líður frá lokum vinnu til kl. 08.00

2.9.4 Útköll

Ef starfsmaður er kallaður til vinnu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið skal fara með eins og hér segir:

Ljúki útkalli fyrir kl. 00:00 myndast ekki frítökuréttur ef starfsmaður nær samanlagt 11 klst. hvíld frá upphafi reglulegs vinnudags til upphafs þess næsta (vinnusólarhringnum).

Ef útkalli hjá starfsmanni lýkur á tímabilinu 00:00 – 06:00 reiknast ekki frítökuréttur ef 11 klst. samfelld hvíld næst fyrir eða eftir útkallið. Að öðrum kosti skal frítökuréttur miðast við muninn á lengstu hvíld og 11 klst.

2.9.5 Vikulegur frídagur.

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

2.9.6

Frestun á vikulegum frídegi.

Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miða við að vikulegur frídagur sé á sunnudegi og að allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað fá frí á þeim degi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum. Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum hvíldartíma lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

Falli frídagar á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

Dæmi um útfærslu frítökuréttar.

Dæmi 1: Starfsmaður vinnur til kl. 02:00. og byrjar aftur kl. 08:00. Hann fær einungis 6 klst hvíld. Skv. kjarasamningi á hann inni frítökurétt 11 - 6 eða $5 \times 1,5$ klst = 7,5. Skv. 2. mgr. gr. 2.4.3. fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 2 klst. í yfirv. (vegna 6 klst. hvíldar í stað 8 klst.). Sama gildir ef frídagur er daginn eftir.

Dæmi 2: Starfsmaður vinnur til kl. 02:00. og byrjar aftur kl. 13:00. Hann fær 11 klst. hvíld. Frítökuréttur er því enginn. Skv. 2. mgr. gr. XXX. fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 2 klst. í yfirv. (vegna 6 klst. hvíldar í stað 8 klst. innan sólarhringsins)

Dæmi 3: Starfsmaður vinnur í einn sólarhring, eða frá kl. 08:00 til 08:00 og fer þá heim að sofa. Ef það er vinnudagur daginn eftir ávinnst enginn frítökuréttur. Starfsmaður heldur þá föstum launum þann dag. Skv. viðbótarreglunni hér að ofan fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 8 klst. í yfirv. (vegna 0 klst. hvíldar í stað 8 klst. innan sólarhringsins). Sé hins vegar frídagur daginn eftir á starfsmaður inni einn frídag á föstum launum (áunnin frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur ekki orðið meiri en sem nemur 1 degi á föstum launum, sbr. 5. mgr. gr. XXX.).

Dæmi 4: Starfsmaður vinnur 32 klst. samfelld, eða frá 08:00 til 16:00 næsta dag. Til viðbótar unnum tímum fær hann 8 klst. í yfirvinnu sbr. dæmi 3 auk þess sem hann ávinnur sér frídag á föstum daglaunum (vantar 11 klst. upp á hvíldina en frítökurétturinn takmarkast þó við laun í einn dag sbr. 5. mgr. gr. XXX.)

Dæmi 5: Starfsmaður vinnur frá kl. 08:00 til kl. 17:00. Hann er kallaður út og vinnur frá 21:00 til 23:00. Útkallinu lýkur fyrir miðnætti og því öðlast hann ekki frítökurétt þar sem samanlögð hvíld nær 11 klst.

Dæmi 6: Starfsmaður vinnur frá kl. 08:00 til kl. 17:00. Hann er kallaður út og vinnur frá 01:00 til 03:00. Hann kemur aftur til vinnu kl. 08:00. Lengsta hvíld er 8 klst. og því vantar 3 klst. upp á 11 klst. hvíldina. Frítökuréttur er því 4,5 klst. (3 klst. \times $1,5$).

Dæmi 7: Starfsmaður vinnur frá 08:00 til 19:00. Hann er kallaður út og vinnur frá 01:00 til 03:00. Hann er beðinn um að koma til vinnu kl. 08:00 næsta dag. Þótt samanlögð hvíld nái 11 klst. þá gildir sú regla ekki því útkallinu lýkur eftir miðnætti. Lengsta hlé er 6 klst. og því vantar 5 klst. upp á 11 klst. hvíld. Frítökuréttur er 7,5 klst. (5 klst \times

1,5) en að auki skal greiða 2 klst. í yfirvinnu þar sem að 2 klst vantaði upp á að 8 klst. samfelldri hvíld væri náð.

Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samninga ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996, ákveðna þætti er varða vinnutíma og fylgir samningi þessum fylgiskjal og telst hluti hans. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. greinar þessa samnings.

2.10 Með samþykki starfsmanns er heimilt að láta hann gegna vaktavinnu eina viku í senn.

2.10.1. Fyrir bjöllu eða símavakt:

Ef starfsmaður hefur aðvörunarkerfi heima hjá sér og er tilbúinn til starfa fyrirvaralaust, þá greiðist 33 % af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á vakt.

2.10.2. Kallvakt

Fyrir kallvakt þar sem maðurinn er bundinn á gæslusvæðinu og er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, en oft vegna fjarlægðar milli staða getur liðið langur tími, þar til hann kemur á bilunarstað, þá greiðist 16,5 % af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á vakt.

2.10.3. Greiðsla fyrir vakt á stórhátíðum tvöfaldast.

2.11 Heimilt er með samkomulagi að starfsmenn safni allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið sé greitt út næsta útborgunardag. Þeir sem vilja nýta sér þennan rétt skulu í samráði við fyrirtækið ákveða hvenær frí skal tekið.

2.12 Sé fyrirfram ákveðin vinna unnin aðfararnætur frídaga skal greiða 0,5 klst. í dagvinnu fyrir hvern unninn tíma á tímabilinu 00.00 til 08.00.

3. KAFLI: LAUN.

- 3.1 Starfsmenn, sem ráðnir eru með að minnsta kosti eins mánaðar uppsagnarfresti og gegna fullu starfi samkvæmt samningi þessum skulu fá greidd full mánaðarlaun skv. samningum.

Fyrir að gegna starfi að hluta greiðast laun hlutfallslega með sama hætti.

- 3.2 Til viðbótar föstum mánaðarlaunum koma:

- Laun fyrir yfirvinnu.
- Greiðsla fyrir kallvaktir.
- Verðbætur á laun.
- Starfsaaldursálag.
- Desembergreiðsla.
- Greiðsla orlofskostnaðar.

Í stað ferða- og fataskiptagjalds þá hefur ígildi 2ja yfirvinnuklst. á viku verið felldar inn í dagvinnulaunatöflu og vinnutími á föstudögum skal stytur sem nemur 1 klst. á viku. Við töku orlofs reiknast föstudagur 8 klst.

Heimilt er með samkomulagi beggja aðila að stytta vinnutíma með því að fella niður eða stytta neyslulhé.

- 3.3 Launahækkunar

Launahækkunar á samningstímanum :

1. janúar 2001 um	1,5%
1. janúar 2002 um	3%
1. janúar 2003 um	3%
1. janúar 2004 um	3%

Aðilar eru sammála að komið verði á launakerfisbreytingu. Samkvæmt henni eru störf flokkuð og þau metin miðað við þær kröfur sem starfið gerir til starfsmanns. Við mat á röðun í launaflokka verður matsniðurstaða matsnefndar Rarik höfð til hliðsjónar í sambærilegum störfum. Ný launatafla, án umsamdra hækkana né kaupauka, er birt á fylgiskjali.

- 3.4 Laun iðnnema.

Laun iðnnema á námssamningi fyrir unninn tíma:

112. Á öðru ári launafl 101, á þriðja ári launafl. 105, á fjórða ári launafl

Laun starfsþjálfunarnema:

9 mánaða starfsþjálfun:

6 mánaða starfsþjálfun:

Fyrstu 3 mán. lfl.101

Fyrstu 3 mán. lfl. 105

Næstu 3 mán. lfl. 105

Eftir 3 mán. lfl. 112

Eftir 6 mán. lfl. 112

3.5.

Starfsaldurshækkunar.

Laun starfsmanna skulu hækka eftir starfsaldri samkvæmt launatöflu á fylgiskjali.

1. Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en Selfossveitum á þann hátt, að við starfsaldur sé bætt tíma við hliðstæð störf, hjá iðnsveinum skal meta tíma frá sveinsprófi. Selfossveitur meta starfsaldur í samráði við viðkomandi stéttarfélag. Starfsaldur vegna orlofs og veikindaréttar miðast þó við áunninn starfsaldur hjá Selfossveitum.
2. Samanlagður starfsaldur gildir þannig, að ef starfsmaður hefur störf að nýju : innan 12 mánaða þá heldur hann öllum áunnum réttindum, : innan 3ja ára eftir 3ja mánaða starf, : innan 5 ára eftir 6 mánaða starf og ef um lengri tíma er að ræða, eftir 12 mánaða starf. Til starfsaldurs teljast fjarvistir vegna veikinda, slysa og orlofs.

3.6

Laun fyrir vinnu hluta úr mánuði greiðist með því að draga frá fullu mánaðarkaupi 1/21,67 hluta þess fyrir hvern fjarvistardag, mánudag til föstudags, að því er varðar dagvinnumann.

3.7 Sé starfsmaður færður tímabundið til að gegna störfum, sem eru í hærri launaflokki en þau, sem hann að jafnaði gegnir, skal hann fá tilsvarendi launamismun á meðan, enda gegni hann starfinu samfelld a.m.k. 3 heila vinnudaga og sé ekki raðað í launaflokk sem staðgengli, né njóti stjórnunarálaga sem staðgengill.

Sé starfsmaður færður til frambúðar í starf, sem lægra er launað í föstum launum en starf það sem hann áður gegndi, ber honum að halda óbreyttum launum sem svarar uppsagnarfresti.

Tilfærslu í starfi skal tilkynna viðkomandi skriflega.

3.8 Tímakaup í yfirvinnu skal vera 1.0385 % af mánaðarlaunum.

Vinna á stórhátíðum greiðist með tvöföldu yfirvinnukaupi fyrir hvern unninn tíma.

Dagvinnukaup skal fundið með því að deila 165 í mánaðargrunnlaun viðkomandi launaflokks.

3.9 Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu á launum fyrir þann fjórðung klukkustundar, sem hann mætir í, né þann tíma sem áður er liðinn.

3.10 Greiða skal iðnaðarmönnum fastan kaupauka 4,0 % á heildarlaun.

3.11 Um miðjan desember ár hvert, skal hver fastráðinn starfsmaður sem þá er í starfi og unnið hefur það ár allt hjá Selfossveitum fá greidda launauppbót, sem nemur tveggja vikna byrjunarlaunum viðkomandi launaflokks.

4. KAFLI: UM RÁÐNINGU OG UPPSAGNARFREST.

4.1 Milli hvers starfsmanns og Selfossveitna skal gerður skriflegur ráðningarsamningur í þríriti.

4.2 Ráðningartími skal að jafnaði hefjast með þriggja mánaða reynslutíma. Fyrstu 3 mánuði skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 1 vika m.v. vikuskipti, næstu 9 mánuði skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður, en eftir 12 mánaða starf skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 88 dagar hvort tveggja miðað við mánaðarmót.

Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. lögum.

4.3 Uppsagnarákvæði skv. lið 4.02. gilda þó ekki, ef starfsmaður sýnir vítaverða vanrækslu í starfi sínu, eða Selfossveitur gerast brotlegar gagnvart starfsmanni.

Til vítaverðrar vanrækslu telst í þessu sambandi m.a., ef starfsmaður mætir ítrekað of seint til vinnu án leyfis eða gildra ástæðna, enda hafi starfsmaður fengið skriflega aðvörun, svo og ef starfsmaður óhlýðnast réttmætum fyrirmælum verkstjóra.

Trúnaðarmanni, eða stéttarafélagi skal gefinn kostur á að kynna sér mál af þessu tagi.

Brot á öryggisreglum sem stofna lífi og limum starfsmanna, svo og tækjum fyrirtækisins í voða skal varða brottvikningu án undan genginna aðvaranna, ef trúnaðarmaður og veitustjóri eru sammála um það.

5. KAFLI. ORLOF.

5.1 Orlof fastráðinna starfsmanna skal vera sem hér segir:

<u>Að sumri</u>	<u>Að vetri</u>	
	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár
Orlof 25 dagar	2 dagar	5 dagar

5.2 Orlofskostnaðarframlag verði tvær vikur og hlutfallslega miðað við starfstíma og greiðist í sama mánuði og orlof er tekið, þó í síðasta lagi 1. ágúst.

5.3 Þeir sem skemur hafa unnið, skulu fá orlof í sama hlutfalli. Starfmenn skulu auk þess fá 10,17 % orlofsfé af yfirvinnu á fyrsta starfsári, 11,59% orlofsfé næstu 2 ár og síðan 13,04 %.

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof.

Með samkomulagi starfsmanna og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er á orlofsárinu.

5.4 Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk Selfossveitna taka orlof að hluta utan tímabilsins 2. maí til 30. september skulu fá 25 % lengingu þess orlofs, sem fellur utan orlofstímabils.

5.5 Í orlofssjóði viðkomandi stéttarfélags í Samiðn eða RSÍ greiða Selfossveitur fjárhæð, sem nemi 0,25 % af öllum launum þeirra starfsmanna, sem samningurinn tekur til. Selfossveitur gera skil á þessum gjöldum mánaðarlega eftir á.

5.6 Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar.

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtækið á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september eftir því sem kostur er, nema sérstaklega standi á.

5.7 Starfsmenn skulu eiga rétt á fríi án launa í allt að 6 mánuði í einu lagi á 5 ára fresti, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

Starfsmaður skal óska eftir slíku fríi með minnst þriggja mánaða fyrirvara og ákveður fulltrúi Selfossveitna þá hvenær leyfi hefst og hvenær því lýkur í samráði við starfsmann. Skal leitast við að veita leyfið sem næst umbeðnum tíma.

Ekki er skylt að veita fleiri en 1 starfsmanni í hverjum iðngeira slík leyfi frá störfum samtímis. Starfsmaður skal eiga rétt á að ganga inn í fyrra starf sitt, þegar fríi lýkur samkvæmt framanskráðu.

6. KAFLI. VEIKINDA, SLYSA OG BARNBURÐARLAUN.

6.1 Laun í veikindum

6.1.1 Veikist starfsmaður, skal hann á 1. ári fá laun 2 vinnudaga fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Eftir eins árs starfs, skulu menn halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá Selfossveitum sem hér segir:

Eftir 1 árs starf 45 almanaksdaga á 12 mánuðum.

Eftir 3 ára starf 84 almanaksdaga á 12 mánuðum.

Eftir 5 ára starf 120 almanaksdaga á 12 mánuðum.

Eftir 12 ára starf 210 almanaksdaga á 12 mánuðum.

Eftir 20 ára starf 270 almanaksdaga á 12 mánuðum.

6.1.2 Starfsmönnum skal greidd yfirvinna í allt að 1 mánuð, sem þeir eru fjarverandi vegna einstakra sjúkdóma eða slysa. Þessi yfirvinnugreiðsla miðast við þau laun sem viðkomandi hefði ella notið.

Útköll vegna bilana eða viðgerða teljast ekki til yfirvinnu í skilningi þessarar greinar.

6.1.3 Ekki er skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikinda- og/eða slysadaga, nema fyrir liggja læknisvottorð.

6.2 Laun vegna slysa og atvinnusjúkdóma

6.2.1 Starfsmenn skulu halda óskertum launum í allt að 12 mánuði, verði þeir fyrir slysi á vinnustað, eða á beinni leið frá heimili til vinnustaðar, eða frá vinnustað til heimilis, eða veikjast af orsökum sem rekja má til vinnunnar, sbr. reglur varðandi atvinnusjúkdóma, útgefnar af samgönguráðuneytinu 7. mars 1956.

Ef starfsmenn hafa vegna starfa sinna viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferðalaga milli heimilis og viðlegustaðar.

- 6.2.2 Trúnaðarlæknir Selfossveitna skal gera tillögu um, hvernig úrskurða skuli, hvort um atvinnusjúkdóm sé að ræða, en þar til slík tillaga liggur fyrir, skulu úrskurðir um atvinnusjúkdóma vera í höndum nefndar, sem skipuð er 2 fulltrúum frá hvorum samningsaðila og læknislærðum oddamanni, sem aðilar koma sér saman um. Náist ekki samkomulag um oddamann, skal Læknafélag Íslands beðið um að skipa hann.
- 6.2.3 Í þeim tilvikum sem Selfossveitur hafa fulla greiðsluskyldu gagnvart starfsmanni ganga dagpeningar Tryggingastofnunar til Selfossveitna.
- 6.2.4 Auk þess sem greint er að ofan, greiða Selfossveitur starfsmönnum dagpeninga í allt að 10 mánuði til viðbótar, þannig að heildardagpeningagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins og Selfossveitum geti numið 80 % af grunnlaunum að viðbættri verðlagsuppbót.
- 6.3. Greiðsla fyrir læknishjálp
- Selfossveitur greiða útlagðan kostnað við læknishjálp vegna slysa sem að ofan greinir, jafn lengi og starfsmaður nýtur launa.
- 6.4 Umlæknisvottorð og tilkynningu veikinda
- 6.4.1 Starfsmanni greiðast því aðeins laun fyrir slysadaga eða endurtekin og varanleg veikindi, að fyrir liggja læknisvottorð.
- 6.4.2 Veikist starfsmaður og geti af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann samdægurs tilkynna það stjórnanda sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Til vara skal símavakt tilkynnt um veikindin. Læknisvottorð skal að jafnaði vera frá heimilislækni, en þó geta Selfossveitur hvenær sem er krafist vottorðs frá trúnaðarlækni. Ef læknisvottorðs er krafist, skal það vera starfsmanni að kostnaðarlausu.

6.5. Greiðslur vegna barnsburðar og veikinda barna.

Um greiðslur vegna barnsburðar og fæðingarorlofs fer skv. gildandi lögum

Veikindi barna og leyfi af óviðráðanlegum ástæðum. Foreldri skal, eftir fyrsta starfsmánuð, heimilt að verja samtals 7 dögum á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði ekki annarri umönnun. Eftir eins árs starf hjá Selfossveitum er foreldrum með sama hætti heimilt að verja samtals 10 vinnudögum til aðhlyningar börnum sínum undir 13 ára aldri. Foreldri skal halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns. Starfsmaður á ekki rétt á launum frá atvinnurekanda í framangreindum tilfellum sbr. þó 1. mgr

6.6. Læknisskoðun

Regluleg læknisskoðun starfsfólks skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári eftir tilvísun frá Selfossveitum. Að öðru leyti vísast til laga nr. 46/1980.

6.7 Slysáttryggingar.

6.7.1. Skytt er Selfossveitum að tryggja launþega þá, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri örorku eða tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef launþegi hefur vegna starfs síns viðlegu utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar. Selfossveitur ákveða hverju sinni hvort atvinnuslysáttryggingar skuli keyptar eða vera á eigin ábyrgð Selfossveitna.

6.7.2 Dánarslysabætur eru:

Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri, 67 ára eða eldri, kr. 868.500.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri, kr. 2.661.000.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

Ef hinn látni var í hjúskap eða í skráðri óvígðri sambúð eða í staðfestri samvist, skulu bætur til maka eða sambúðar, samvistaraðila nema kr. 4.342.500.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðar-, samvistaraðili.

Ef hinn látni lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, skulu slysabætur til hvers barns nema kr. 868.500.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta.

Rétthafa dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

Með börnum í 2. og 4. lið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.

Dánarslysabætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

Bætur vegna varanlegrar örorku: Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina 5.466.000 kr. þó þannig að hvert örorkustig frá 26% til 50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51% til 100% virkar fjórfalt. Slysabætur vegna 100% örorku verða þannig 15.031.500 kr.

Bætur vegna tímabundinnar örorku: Dagpeningar 12.300 kr. á viku, sem greiðist fjórum vikum frá því að slys átti sér stað þar til hinn slasaði verður vinnufær á ný, en þó ekki lengur en í 48 vikur. Við dagpeninga þessa bætast 1.640 kr. á viku fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, sem hinn slasaði hefur á framfæri sínu.

Tjón bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu: Slysatrýggingin greiðir ekki bætur til starfsmannsins þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysatrýggingu ökumanns og eiganda..

Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2000, 195,5 stig. Tryggingarfjárhæðir skv. samningi þessum eru nýjar grunnfjárhæðir og skulu þær endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Skulu þær þá framreiknaðar sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá janúar 2000 til vísitölu janúar- og júlímánaðar ár hvert.

Framangreindar hækkunar á tryggingarfjárhæðum og breytingar á skilmálum gilda um slys sem verða eftir 1. janúar 2001.

Gildistaka tryggingar og tryggingarskilmálar

Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi hefur starf (kemur á launaskrá) en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum (fellur af launaskrá).

Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaganna þegar samkomulag þetta er gert.

Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart launþega sem slysatryggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur og dagpeningar sem greiddir kunna að verða til launþega, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum sem vinnuveitanda kann að verða gert að greiða. Dagpeningar greiðast til vinnuveitanda meðan kaupgreiðslur vara skv. samningi.

Verði Selfossveitur skaðabótaskyldar gagnvart launþega sem slysatryggður er skv. Samningi þessum skulu slysabætur og dagpeningar, sem grreiddir kunna að vera til launþega skv. Ákvæðum samnings þessa, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum, Selfossveitur kunna að verða gert að greiða.

Dagpeningar greiðast til Selfossveitna meðan kaupgreiðslu varir skv. samningi.

- 6.8 Í viðkomandi sjúkrasjóði stéttarfélaga í Samiðn eða RSÍ greiða Selfossveitur 1% af útborguðu kaupi.

7. KAFLI. IÐGJALDAGREIÐSLUR.

- 7.1 Selfossveitur taka að sér að innheimta reglulega félagsgjald starfsmanna af ógreiddum, en kræfum vinnulaunum og annast skil á þeim til viðkomandi stéttarfélags mánaðarlega.
- 7.2 Iðgjöld til lífeyrissjóða Samiðnar eða rafiðnaðarmanna greiðist vegna allra félagsmanna 16 ára og eldri í samræmi við staðfesta reglugerð lífeyrissjóða Samiðnar og rafiðnaðarmanna. Iðgjöld skulu vera 10 % af útborguðum launum og skiptast þannig að Selfossveitur greiða 6 % en starfsmaður 4 %.
- Selfossveitur annast skil iðgjaldanna mánaðarlega.
- 7.3 Selfossveitur greiða 1% af útborguðum launum í eftirmenntunarsjóði RSÍ og Samiðnar.
- 7.4. Viðbótarframlag í séreignarsjóð:
Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti með eftirfarandi hætti:
Frá 1. janúar 2001 skal mótframlag vinnuveitanda vera 1% gegn 2% framlagi starfsmanns.
Frá 1. janúar 2002 skal mótframlag vinnuveitanda nema 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.
Framlag á grundvelli laga nr. 113/1990 um tryggingagjald telst ekki hluti greiðslna skv. þessari grein.

8. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI.

- 8.1 Ávallt skal gætt fyllsta öryggis við rekstur og vinnu hjá Selfossveitum, sem sjá um að í öllum verkefnum séu handbær öll nauðsynleg öryggistæki og að þau séu ávallt eins fullkomin og frekast er kostur, enda geti starfsmenn neitað að framkvæma verk sé öryggisbúnaður ekki í samræmi við kröfur Vinnueftirlits ríkisins eða annara opinberra aðila.

Starfsmönnum ber skylda til að fara eftir þeim reglum sem gilda um öryggismál.

Aðilar eru sammála um að málm- og rafiðnaðarmenn sem starfa hjá Selfossveitum sækji framhaldsnámskeið um framfarir og breytingar í iðngreinum sínum.

- 8.2 Selfossveitur skulu árlega standa fyrir kynningu um öryggismál, nýjan búnað, starfsreglur og hjálp í viðlögum. Starfsmenn skulu halda dagvinnulaunum þegar þeir sækja slíkar kynningar.

Ef kynning fer fram utan heimasveitar skulu Selfossveitur sjá starfsmönnum fyrir ferðum og upphaldi.

- 8.3 Vinnufatnaður

Selfossveitur skulu árlega leggja starfsmönnum til tvo samfestinga, eina öryggisskó og ein vatnsheld hlífðarföt og hálfsmánaðarlega eina vinnuvettlinga. Vinnu- og hlífðarfatnaður skal að jafnaði vera af þeirri gerð sem hentar best við þau störf sem honum er ætlað að þjóna.

- 8.3.1 Við mjög óhreinleg störf og/eða til hlífðar skaðlegum efnum skal leggja mönnum til sérstakan vinnufatnað. Selfossveitum er heimilt að merkja allan vinnufatnað.

Við úthlutun og þegar menn hætta störfum skal skila eldri fatnaði.

- 8.3.2 Starfsmönnum skulu lögð til verkfæri og vinnutæki þeim að kostnaðarlausu. Selfossveitur sjá um að öll verkfæri og vinnutæki séu í góðu lagi, þannig að ekki valdi slyshættu.

- 8.3.3 Selffossveitur leggja starfsmönnum til, þeim að kostnaðarlausu, hlífðarbúnað svo sem hlífðarvettlinga, hlífðarsvuntur, öryggisbelti, öryggishjálma og öryggisskó, við störf þar sem slíks búnaðar er krafist, samkvæmt öryggisreglum, enda er starfsmönnum skylt að nota hann.
- 8.3.4 Starfsmenn skulu fara vel með hlífðar- og vinnuföt, verkfæri og öryggisbúnað sem Selffossveitur leggja þeim til. Útbúnaði sem starfsmenn hafa fengið samkvæmt ákvæðum samnings skal skilað þegar menn hætta störfum hjá Selffossveitum.
- 8.3.5. Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á nauðsynlegum, algengum fatnaði og munum við vinnu sína, svo sem úrum, gleraugum o.fl. skal það bætt samkvæmt mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki er skylt að bæta slík tjón verði þau vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.
- 8.4. Starfsmanni er skylt að boða forföll í tæka tíð ef hann getur ekki mætt til vinnu. Ennfremur skulu þeir sem eru fjarverandi, tilkynna með góðum fyrirvara, hvenær þeir mæti aftur til vinnu.
- 8.5. Lausráðnum starfsmönnum skulu greidd laun vikulega fyrir dagvinnulok hvern föstudag.
- Fastráðnir starfsmenn skulu fá greidd laun einu sinni í mánuði, á föstudegi næst miðjum mánuði, fyrir yfirstandandi mánuð og aukagreiðslur vegna mánaðarins næst á undan.
- 8.6. Um fæði á vinnustað skulu gilda sömu reglur fyrir málm- og rafiðnaðarmenn og aðra starfsmenn hjá Selffossveitum.
- Komist starfsmenn ekki til heimilis á matmálstímum skulu Selffossveitur sjá þeim fyrir fæði eða greiða eðlilegan fæðiskostnað.
- 8.7. Selffossveitur geta gert samkomulag við starfsmenn um notkun eigin bifreiða þeirra, til flutninga á starfsmönnum og í útköllum. Greiðsla fyrir slík afnot skal fara eftir taxta ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

8.8. Hreinlætisaðbúnaður og allar vinnuáætlaðar stæður skulu ávallt vera fullnægjandi að álitni heilbrigðisyfirvalda og Vinnueftirlits ríkisins.

Nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað.

8.9. Starfsmönnum er heimilt að velja sér trúnaðarmann úr hópi félagsmanna á hverjum vinnustað. Um hlutverk þeirra, skyldur og réttindi fer svo sem mælt er fyrir í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Trúnaðarmaður skal hafa nægan tíma til að sinna málefnum starfsmanna án skerðingar á launum.

Um trúnaðarmenn vísast að öðru leiti til rammisamnings ASÍ og VSÍ frá 21. feb. 1984.

8.10. Selfossveitur skulu kynna fyrir trúnaðarmönnum verulegar breytingar á rekstri og vinnutilhögun með eins miklum fyrirvara og unnt er.

8.11. Stéttarfélagið skal kynna félagsmönnum sínum rækilega öll ákvæði samnings þessa. Selfossveitur skulu á sama hátt kynna samninginn verkstjórum og öðrum stjórnendum. Samningsaðilar skulu hvetja til þess að samningsákvæði verði haldin eftir fremsta megni.

8.12. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um vinnustöðvanir, verkföll og verkbönn, og halda gildi sínu brátt fyrir uppsögn, uns nýr samningur hefur verið gerður:

8.12.1. Komi til uppsagnar á samningum, skulu aðilar senda gagnaðila kröfur sínar um breytingar áður en uppsagnarfrestur er hálfnaður. Leiði uppsögn til vinnustöðvana, verkfalla eða verkþanna hjá Selfossveitum, skal farið að lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Framkvæmd vinnustöðvunar skal þó vera með þeim hætti að stéttarfélagið mun veita tímabundið leyfi fyrir þeim mannafla sem það telur nauðsynlegt til bráðabirgðaviðgerða, svo forða megi vandræðaástandi hjá viðskiptamönnum Selfossveitna í allt að 12 daga.

Vinnustöðvanir taka ekki til gæslustarfa við stjórnstöð og orkuveitusvæði.

- 8.12.2. Samúðarvinnustöðvanir skulu eigi boðaðar, fyrr en vinnustöðvun við almennan atvinnurekstur á félagssvæði viðkomandi stéttarfélags, sem slíkar samúðaraðgerðir eiga að styrkja, eru hafnar og ekki boðaðar með minni fyrirvara en tveimur vikum og falla úr gildi um leið og þeim er aflýst.

Framkvæmd slíkra samúðarvinnustöðvana skal vera svo sem segir í síðari hluta liðs 8.12.1. hér að framan.

Ákvæði þessa liðs (8.12.) halda gildi sínu þrátt fyrir uppsögn samnings, uns nýr samningur er gerður.

9. KAFLI. GILDISTÍMI OG LOKAÁKVÆÐI.

Samningsforsendur

Komi til þess að nefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga nái samkomulagi um breytingu á launalið samninga eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir í árlegri athugun sinni 2002 og 2003 skal sama gilda um þennan samning.

Yfirlýsingar og fylgiskjöl þau sem fylgja samningi þessum eru hluti hans og öðlast hann ekki gildi nema þau séu einnig samþykkt.

Til staðfestu þessu samkomulagi ásamt fylgiskjölum ritum við nöfn okkar hér undir með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 17. janúar 2000

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

F.h. Selfossveitna

Vegna aðildarfélaga

Guðmundur Gunnarsson (sign)
(sign)

Ásbjörn Ó. Blöndal

FYLGISKJAL. Grunntafla 31. des 2000

	1.ÞREP	2.ÞREP	3.ÞREP	4.ÞREP	5.ÞREP	6.ÞREP	7.ÞREP
		6 mán	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár
130	119.249	122.853	126.566	128.464	130.391	132.347	134.333
131	121.038	124.696	128.464	130.391	132.347	134.333	136.348
132	122.853	126.566	130.391	132.347	134.333	136.348	138.393
133	124.696	128.465	132.347	134.333	136.348	138.393	140.469
134	126.567	130.392	134.333	136.348	138.393	140.469	142.576
135	128.465	132.348	136.348	138.393	140.469	142.576	144.714
136	130.392	134.333	138.393	140.469	142.576	144.714	146.885
137	132.348	136.348	140.469	142.576	144.714	146.885	149.088
138	134.333	138.393	142.576	144.714	146.885	149.088	151.325
139	136.348	140.469	144.714	146.885	149.088	151.325	153.594
140	138.393	142.576	146.885	149.088	151.325	153.594	155.898
141	140.469	144.715	149.088	151.325	153.594	155.898	158.237
142	142.576	146.885	151.325	153.594	155.898	158.237	160.610
143	144.715	149.089	153.594	155.898	158.237	160.610	163.020
144	146.886	151.325	155.898	158.237	160.610	163.020	165.465
145	149.089	153.595	158.237	160.610	163.020	165.465	167.947
146	151.325	155.899	160.610	163.020	165.465	167.947	170.466
147	153.595	158.237	163.020	165.465	167.947	170.466	173.023
148	155.899	160.611	165.465	167.947	170.466	173.023	175.618
149	158.238	163.020	167.947	170.466	173.023	175.618	178.253
150	160.611	165.465	170.466	173.023	175.618	178.253	180.926
151	163.020	167.947	173.023	175.618	178.253	180.926	183.640
152	165.466	170.466	175.618	178.253	180.926	183.640	186.395
153	167.948	173.023	178.253	180.926	183.640	186.395	189.191
154	170.467	175.619	180.926	183.640	186.395	189.191	192.029

155	173.024	178.253	183.640	186.395	189.191	192.029	194.909
156	175.619	180.927	186.395	189.191	192.029	194.909	197.833
157	178.253	183.641	189.191	192.029	194.909	197.833	200.800
158	180.927	186.395	192.029	194.909	197.833	200.800	203.812
159	183.641	189.191	194.909	197.833	200.800	203.812	206.869
160	186.396	192.029	197.833	200.800	203.812	206.869	209.973
161	189.192	194.910	200.800	203.812	206.869	209.973	213.122
162	192.030	197.833	203.812	206.869	209.973	213.122	216.319
163	194.910	200.801	206.869	209.973	213.122	216.319	219.564
164	197.834	203.813	209.973	213.122	216.319	219.564	222.857
165	200.801	206.870	213.122	216.319	219.564	222.857	226.200
166	203.813	209.973	216.319	219.564	222.857	226.200	229.593
167	206.870	213.123	219.564	222.857	226.200	229.593	233.037
168	209.973	216.319	222.857	226.200	229.593	233.037	236.532
169	213.123	219.564	226.200	229.593	233.037	236.532	240.080
170	216.320	222.858	229.593	233.037	236.532	240.080	243.682
171	219.565	226.201	233.037	236.532	240.080	243.682	247.337
172	222.858	229.594	236.532	240.080	243.682	247.337	251.047
173	226.201	233.037	240.080	243.682	247.337	251.047	254.813
174	229.594	236.533	243.682	247.337	251.047	254.813	258.635
175	233.038	240.081	247.337	251.047	254.813	258.635	262.514
176	236.534	243.682	251.047	254.813	258.635	262.514	266.452
177	240.082	247.338	254.813	258.635	262.514	266.452	270.449